# Lífeyrissjóður
# Tannlæknafélags Íslands

## Ársreikningur 2014

## Séreignardeild

## Sameignardeild

# Lífeyrissjóður
# Tannlæknafélags Íslands
# Séreignardeild

**Ársreikningur 2014**

**Efnisyfirlit:** **bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar...................................................................................................... | **2 - 3** |
| Áritun óháðs endurskoðanda................................................................................ | **4** |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.......................................... | **5** |
| Efnahagsreikningur................................................................................................ | **6** |
| Sjóðstreymi............................................................................................................ | **7** |
| Skýringar................................................................................................................ | **8 - 14** |


*Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands,*
*Séreignardeild*
*kt. 430269-1519*

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi séreignardeildarinnar

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

## Starfsemin á árinu

Hrein eign sjóðsins nam í árslok 2014 kr. 3.297.532.848 og hafði hækkað um 6,66% eða kr. 205.889.646 frá árslokum 2013.

Í lok árs 2014 áttu 314 sjóðfélagar réttindin í sjóðnum, samanborið við 336 í ársbyrjun. Virkir sjóðfélagar í árslok, þ.e. einstaklingar sem greiddu iðgjöld á árinu, voru 165 samanborið við 158 á árinu 2013. Lífeyrisþegar voru 47 talsins samanborið við 52 á árinu 2013.

Á árinu 2014 námu greidd iðgjöld í séreignardeild kr. 116.637.704  samanborið við kr. 97.969.806 á árinu 2013.

Greiddur lífeyrir á árinu 2014 nam samtals kr. 73.346.543 samanborið við kr. 51.418.408 á árinu 2013. Á árinu var greiddur makalífeyrir að fjárhæð kr. 2.830.582 og eftirlaun að fjárhæð kr. 70.306.585.

Á árinu voru haldnir 8 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í maí. Á árinu 2014 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri er starfsmaður bankans.

Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar sem greidd voru af séreignardeildinni námu kr. 2.105.320.

## Ávöxtun ársins 2014

Ávöxtun Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands árið 2014 var góð og í takt við viðmið sjóðsins sem skilgreind eru í fjárfestingarstefna hans. Raunávöxtun á eignum séreignardeildarinnar var 4,28%.

Lítið gerðist á skuldabréfamarkaðinum stærstan hluta úr árinu en það dró heldur til tíðinda í nóvember þegar peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti um 25 punkta og síðan aftur um 50 punkta í desember. Ástæðu lækkunarinnar var sögð vera lág verðbólga og lægri hagvöxtur en spár bankans höfðu gert ráð fyrir. Skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 4,4% á árinu og þar af hækkaði verðtryggði hluti hennar um 1,9% og óverðtryggði hlutinn um 10,4%. Verðbólga fyrir árið í heild mældist 1,0%.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var heldur þungur framan af ári en hækkaði skarpt þegar leið á haustið og nam hækkun OMXI8 vísitölunnar 4,1% á árinu. Mest hækkuðu hlutabréf Össurar eða um 57,6% en mesta lækkun var á bréfum Tryggingamiðstöðvarinnar en þau lækkuðu um 17,9%. Sjóvá var skráð á markað í apríl og voru hlutabréf HB Granda skráð á aðallista kauphallarinnar þegar þrír af fimm stærstu hluthöfum félagsins á þeim tíma seldu í almennu útboði.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins á árinu.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Landsbankinn annast eignastýringu innan gildandi fjárfestingarstefnu hverju sinni. Er leitast við að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með rekstri sjóðsins ráðstöfun eigna hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2015

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning séreignardeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2014, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu séreignardeildarinnar á árinu 2014, efnahag hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. apríl 2015

Arnar Már Jóhannesson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 38.490.442 | 28.036.644 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 78.147.262 | 69.933.162 |
| Réttindaflutningur og endurgreiðslur | | (2.730.543) | (2.794.090) |
| | | 113.907.161 | 95.175.716 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 73.346.543 | 51.418.408 |
| Ráðstöfun séreignar samkvæmt lögum nr. 40/2014 | | 1.374.332 | 0 |
| | | 74.720.875 | 51.418.408 |
| **Fjárfestingartekjur** | 4 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 20.808.312 | 65.409.426 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 149.861.132 | 134.913.244 |
| Breyting á niðurfærslu | | 8.341.131 | 28.696.129 |
| | | 179.010.575 | 229.018.799 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 2.556.899 | 2.357.990 |
| Önnur fjárfestingargjöld | 7 | 2.191.163 | 1.222.676 |
| | | 4.748.062 | 3.580.666 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 7.559.153 | 7.418.552 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 205.889.646 | 261.776.889 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 3.091.643.202 | 2.829.866.313 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 3.297.532.848 | 3.091.643.202 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | 5 | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 1.599.028.719 | 1.125.706.329 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 1.387.776.132 | 1.705.017.622 |
| Veðlán | | 26.663.146 | 32.319.584 |
| Bankainnistæður | | 199.240.680 | 204.664.223 |
| | | 3.212.708.677 | 3.067.707.758 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 11.731.901 | 9.070.652 |
| | | 11.731.901 | 9.070.652 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Handbært fé | | 80.123.034 | 22.333.923 |
| Aðrar eignir | | 1.912.536 | 1.412.099 |
| | | 82.035.570 | 23.746.022 |
| **Eignir samtals** | | 3.306.476.148 | 3.100.524.432 |
| **Skuldir** | | | |
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 8.943.300 | 8.881.230 |
| **Skuldir samtals** | | 8.943.300 | 8.881.230 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 3.297.532.848 | 3.091.643.202 |
| **Aðrar upplýsingar** | 8-9 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 116.982.871 | 104.693.646 |
| Fjárfestingartekjur | | 76.671.775 | 72.870.939 |
| Afborganir verðbréfa | | 35.380.874 | 51.455.699 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 392.752.910 | 215.918.858 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 916.015.738 | 639.118.344 |
| Aðrar inngreiðslur | | 0 | 2.428.609 |
| | | 1.537.804.168 | 1.086.486.095 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 76.422.253 | 57.845.430 |
| Fjárfestingargjöld | | 122.815 | 51.818 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 12.184.400 | 8.341.518 |
| Sérstök inngreiðsla inn á lán | | 1.374.332 | 0 |
| Aðrar útgreiðslur | | 3.099.615 | 0 |
| | | 93.203.415 | 66.238.766 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 1.444.600.753 | 1.020.247.329 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 756.277.207 | 378.890.535 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 635.957.978 | 663.330.812 |
| (Lækkun) hækkun á bankainnstæðum | | (5.423.543) | (18.708.711) |
| | | 1.386.811.642 | 1.023.512.636 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 57.789.111 | (3.265.307) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 22.333.923 | 25.599.230 |
| **Handbært fé í árslok** | | 80.123.034 | 22.333.923 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á séreignardeildina.

### 1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við markaðskröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum, verðbréf með föstum tekjum, veðlán og bankainnistæður.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2014.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við markaðskröfu.

Veðlán eru útlán til sjóðfélaga. Veðlán eru færð til eignar með áföllnum verðbótum miðað við vístölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2015.

Bankainnistæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnistæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnistæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

# Skýringar

### 1.5 Almennar kröfur

Almennar kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

### 1.7 Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Landsbankans samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Landsbankinn annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 (gjaldeyrishöft) er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2014 kr. 265 milljónir og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 26,5 milljónir króna.

### 2.3 Útlánaáhætta

Sjóðurinn einbeitir sér ekki sérstaklega að útlánaáhættu. Hins vegar hefur sjóðurinn ákveðna stefnu gagnvart útlánum til sjóðfélaga.

### 2.4 Áhættustýring

Sjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu, seljanleikaáhættu og lífeyristryggingaráhættu fyrir sameignardeild. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir því að fylgjast sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

**Greiddur lífeyrir greinist þannig:**

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Makalífeyrir | 2.830.582 | 9.278.543 |
| Barnalífeyrir | 209.376 | 2.028.311 |
| Eftirlaun | 70.306.585 | 40.111.554 |
| | 73.346.543 | 51.418.408 |

## 4. Fjárfestingatekjur

**Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Arður af hlutabréfum | 4.761.763 | 1.806.771 |
| Gangvirðisbreyting af verðbréfum | 16.046.549 | 63.602.655 |
| | 20.808.312 | 65.409.426 |

**Vaxtatekjur og gengismunur sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum | 5.062.027 | 945.967 |
| Gengishagnaður (tap) | (127.635) | (935.836) |
| Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa | 144.913.022 | 134.181.223 |
| Dráttarvextir | 13.718 | 721.890 |
| | 149.861.132 | 134.913.244 |

**Breyting á niðurfærslu greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1 | (9.858.839) | (38.554.968) |
| Breyting á niðurfærslu | 8.341.131 | 28.696.129 |
| Niðurfærsla 31.12 | (1.517.708) | (9.858.839) |

**Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund I | 1.235.347 | 26.015.353 |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 7.106.240 | 2.680.250 |
| Aðrar niðurfærslur | (456) | 526 |
| | 8.341.131 | 28.696.129 |

Vegna lækkunar á niðurfærslu verðbréfaeignar þarf að hafa í huga að viðeigandi sjóðir hafa verið teknir niður í gegnum gangvirðisbreytingu verðbréfa.

# Skýringar

## 5. Fjárfestingar

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Hlutabréf:** | | |
| Icelandair Group hf | 64.728.216 | 54.360.670 |
| Hagar hf | 51.427.038 | 16.083.341 |
| Reitir fasteignafélag hf. | 43.149.770 | 0 |
| HB Grandi hf. | 39.569.660 | 0 |
| Marel hf | 35.312.130 | 53.211.305 |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 19.166.190 | 29.368.890 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 14.770.475 | 23.005.971 |
| Reginn hf | 11.204.902 | 43.142.915 |
| N1 hf. | 10.068.800 | 227.821 |
| Össur hf | 6.294.757 | 5.802.173 |
| Vátryggingarfélag Íslands | 2.088.586 | 4.957.908 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 1.809.517 | 0 |
| Önnur hlutabréf | 26.189 | 116.322 |
| | 299.616.230 | 230.277.316 |
| **Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:** | | |
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 206.965.235 | 157.406.653 |
| Landsbréf - Öndvegisbréf | 121.304.344 | 76.048.805 |
| Landsbréf - LEQ | 5.059.783 | 3.757.850 |
| | 333.329.362 | 237.213.308 |
| Skuldabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Markaðsbréf | 192.888.964 | 136.851.372 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng | 153.200.798 | 17.851.265 |
| Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð | 53.029.994 | 0 |
| Gamma: Iceland Government Bond Fund | 52.432.080 | 21.063.835 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð | 50.775.156 | 123.202.716 |
| Landsbréf - Sparibréf löng | 26.079.668 | 17.706.266 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt | 15.304.904 | 10.802.348 |
| Fyrirtækjabréf Landsbankans | 1.668.631 | 7.762.131 |
| Landsbréf - LREAL | 0 | 29.110.150 |
| | 545.380.195 | 364.350.083 |
| Önnur innlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Horn II slhf. | 26.767.405 | 3.134.592 |
| Gamma Iceland Fixed Income Fund | 21.693.840 | 20.017.802 |
| Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn II | 20.010.870 | 0 |
| Gamma: Novus | 18.368.000 | 16.000.000 |
| Stefnir ÍS-5 | 16.879.710 | 21.902.266 |
| Alda Equity Opportunity Fund | 13.190.180 | 0 |
| GAMMA : OPUS | 12.240.000 | 0 |
| Landsbréf - HEKLA | 10.301.172 | 0 |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | 1.549.500 | 0 |
| | 141.000.677 | 61.054.660 |

# Skýringar

| **Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Carnegie - Worldwide Fund | 100.279.988 | 82.649.008 |
| T.Rowe Price - Global Equities Class | 99.498.244 | 84.319.854 |
| Jupiter European Growth fund | 31.283.850 | 0 |
| Landsbréf - Global Equity Fund | 14.500.728 | 12.984.625 |
| Black Rock - Global Opportunities Fund | 7.798.024 | 8.998.430 |
| Landsbréf - Nordic 40 | 844.746 | 770.731 |
| | 254.205.580 | 189.722.648 |
| Önnur erlend hlutdeildarskírteini: | | |
| LPE II | 23.319.673 | 30.685.258 |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 2.177.002 | 12.403.056 |
| | 25.496.675 | 43.088.314 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum samtals | 1.599.028.719 | 1.125.706.329 |

| **Innlend skuldabréf:** | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| Íbúðabréf | 165.879.547 | 748.427.391 |
| Ríkisbréf | 628.375.611 | 447.018.691 |
| Húsbréf | 5.838.531 | 6.131.922 |
| Fyrirtæki | 286.756.746 | 243.184.983 |
| Sveitarfélög | 131.507.074 | 130.042.795 |
| Skuldabréf lánastofnanna | 169.418.623 | 130.211.840 |
| | 1.387.776.132 | 1.705.017.622 |
| Verðbréf með föstum tekjum samtals | 1.387.776.132 | 1.705.017.622 |
| **Veðlán:** | | |
| Sjóðfélagalán | 26.663.146 | 32.319.584 |
| **Bankainnistæður:** | | |
| Bundnar innistæður | 199.240.680 | 204.664.223 |
| **Heildar fjárfestingar** | **3.212.708.677** | **3.067.707.758** |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metnir á markaðsverði í árslok 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tillti til markaðsaðstæðna.

| | **2014** | **2013** |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum:** | | |
| Fjárfestingar í ISK | 2.947.507.145 | 2.835.667.527 |
| Fjárfestingar í USD | 207.576.256 | 175.967.292 |
| Fjárfestingar í EUR | 55.448.274 | 43.669.883 |
| Fjárfestingar í GBP | 2.177.002 | 12.403.056 |
| | 3.212.708.677 | 3.067.707.758 |

# Skýringar

## 6. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Gjaldfærður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður skiptist á milli séreignar- og sameignardeildar í hlutföllum deildanna í sameiginlegri hreinni eign.

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 4.914.550 | 4.887.931 |
| Endurskoðun | 1.366.154 | 1.351.626 |
| Umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 3.835.348 | 3.536.985 |
| | 10.116.052 | 9.776.542 |

Í sameiginlegum kostnaði er hlutfall séreignardeildar af stjórnarlaunum og launum endurskoðunarnefndar:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður | 1.110.651 | 1.079.308 |
| Gísli Vilhjálmsson, varaformaður | 278.537 | 313.895 |
| Sæmundur Pálsson | 222.130 | 215.867 |
| Heiðdís Halldórsdóttir, ritari | 222.130 | 215.867 |
| Margrét Helgadóttir | 222.130 | 107.934 |
| Hallur Halldórsson | 0 | 107.934 |
| Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, formaður endurskoðunarnefndar | 106.148 | 108.545 |
| Þórólfur Ólafsson | 0 | 147.042 |
| | 2.161.727 | 2.296.393 |

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 1,36 milljónum króna. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af Innri endurskoðun Landsbankans, en þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Landsbankans samkvæmt samningi.

## 7. Önnur fjárfestingargjöld

Önnur fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Árangursþóknun | 866.765 | 486.386 |
| Sölulaun og afgreiðslugjöld | 1.201.583 | 684.472 |
| Bankakostnaður | 122.815 | 51.818 |
| | 2.191.163 | 1.222.676 |

## 8. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig á næstu árum til að leggja 23,3 m.kr. í Horn II, SIA II og VIV 14 1.

# Skýringar

## 9. Fimm ára yfirlit

| | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 4,28% | 3,66% | 3,44% | 5,92% | 6,77% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ár | 4,81% | 5,56% | -1,98% | -2,39% | -2,01% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 47,40% | 34,10% | 23,39% | 16,24% | 16,40% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 41,50% | 52,58% | 59,92% | 63,68% | 60,76% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 1,16% | 2,96% | 6,11% | 5,42% | 6,89% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 0,65% | 2,64% | 1,26% | 0,00% | 0,00% |
| Veðlán | 0,81% | 1,05% | 1,34% | 1,91% | 2,38% |
| Bankainnistæður, bundnar | 8,48% | 6,67% | 7,98% | 12,76% | 13,57% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 91,95% | 92,44% | 92,47% | 92,76% | 91,78% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 8,05% | 7,56% | 7,53% | 7,24% | 8,22% |
| Samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 314 | 336 | 329 | 322 | 309 |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal | 165 | 158 | 160 | 150 | 145 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 47 | 52 | 49 | 38 | 32 |
| Fjöldi lífeyrisþega - meðaltal | 34 | 37 | 28 | 24 | 23 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Ellilífeyrir | 95,86% | 78,01% | 78,14% | 85,20% | 90,65% |
| Makalífeyrir | 3,86% | 18,05% | 11,01% | 12,05% | 9,19% |
| Barnalífeyrir | 0,29% | 3,94% | 10,85% | 2,76% | 0,17% |

# Lífeyrissjóður
# Tannlæknafélags Íslands
# Sameignardeild

## Ársreikningur 2014

## Efnisyfirlit:

**bls.**


| | |
|---|---|
| Skýrsla stjórnar................................................................................................ | **2 - 3** |
| Áritun óháðs endurskoðanda........................................................................ | **4** |
| Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris.................................... | **5** |
| Efnahagsreikningur........................................................................................ | **6** |
| Sjóðstreymi.................................................................................................... | **7** |
| Skýringar......................................................................................................... | **8 - 15** |


*Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands,*
*sameignardeild*
*kt. 421299-9199*

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Meginstarfsemi sameignardeildarinnar

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er ætlaður starfandi tannlæknum og mökum þeirra, sem ekki er að lögum skylt að vera í öðrum lífeyrissjóði. Sjóðurinn skiptist í séreignar- og samtryggingardeild. Hlutverk sjóðsins er að ávaxta iðgjöld sjóðfélaga og tryggja þeim og erfingjum þeirra lífeyri samkvæmt samþykktum sjóðsins.

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands starfar samkvæmt lögum nr. 127/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sjóðurinn lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Landsbankinn hf. hefur umsjón með eignum sjóðsins, lífeyrisréttindum sjóðfélaga ásamt öllum daglegum samskiptum og þjónustu við stjórn sjóðsins og sjóðfélaga.

## Starfsemin á árinu

Hrein eign deildarinnar nam í árslok 2014 kr. 813.544.888 og hafði þá hækkað um 12,0% eða kr. 86.997.012 frá árslokum 2013.

Í lok árs 2014 áttu 331 sjóðfélagar réttindin í sjóðnum, en iðgjöld greiddu að meðaltali 159. Á árinu 2014 námu greidd iðgjöld í sameignardeild kr. 52.619.032. Á árinu var greiddur örorkulífeyrir að fjárhæð kr. 1.879.486, makalífeyrir að fjárhæð kr. 405.238 og eftirlaun samtals að fjárhæð kr. 3.666.183. Samtals nam útgreiddur lífeyrir á árinu 2014 kr. 5.950.907.

Á árinu voru haldnir 8 formlegir fundir hjá stjórn sjóðsins auk ársfundar sem haldinn var í maí. Á árinu 2014 var enginn starfsmaður hjá sjóðnum, en samkvæmt rekstrarsamningi milli sjóðsins og Landsbankans sér bankinn um rekstur sjóðsins. Framkvæmdastjóri sjóðsins er starfsmaður bankans. Laun til stjórnar og endurskoðunarnefndar sem greidd voru af séreignardeildinni námu kr. 525.344.

## Ávöxtun ársins 2014

Ávöxtun Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands árið 2014 var góð og í takt við viðmið sjóðsins sem skilgreind eru í fjárfestingarstefna hans. Raunávöxtun á eignum sameignardeildar var 4,75%.

Lítið gerðist á skuldabréfamarkaðinum stærstan hluta úr árinu en það dró heldur til tíðinda í nóvember þegar peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands lækkaði stýrivexti um 25 punkta og síðan aftur um 50 punkta í desember. Ástæðu lækkunarinnar var sögð vera lág verðbólga og lægri hagvöxtur en spár bankans höfðu gert ráð fyrir. Skuldabréfavísitala GAMMA hækkaði um 4,4% á árinu og þar af hækkaði verðtryggði hluti hennar um 1,9% og óverðtryggði hlutinn um 10,4%. Verðbólga fyrir árið í heild mældist 1,0%.

Innlendi hlutabréfamarkaðurinn var heldur þungur framan af ári en hækkaði skarpt þegar leið á haustið og nam hækkun OMXI8 vísitölunnar 4,1% á árinu. Mest hækkuðu hlutabréf Össurar eða um 57,6% en mesta lækkun var á bréfum Tryggingamiðstöðvarinnar en þau lækkuðu um 17,9%. Sjóvá var skráð á markað í apríl og voru hlutabréf HB Granda skráð á aðallista kauphallarinnar þegar þrír af fimm stærstu hluthöfum félagsins á þeim tíma seldu í almennu útboði.

Engar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðsins á árinu.

Það er álit stjórnar sjóðsins að allar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu hans í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun, komi fram í ársreikningnum.

## Tryggingafræðileg staða

Samkvæmt útreikningum tryggingastærðfræðings sjóðsins eru skuldbindingar samtryggingadeildar 21 milljónum hærri en eignir, eða 1,4%. Eignir og skuldbindingar deildarinnar eru því í jafnvægi og engar breytingar fyrirhugaðar á réttindum sjóðfélaga.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Fjárhagsleg áhættustjórnun

Landsbankinn annast eignastýringu innan gildandi fjárfestingarstefnu hverju sinni. Er leitast við að ávaxta fjármuni sjóðsins með sem hagkvæmustum hætti og virkri eignastýringu. Stjórn sjóðsins hefur eftirlit með rekstri sjóðsins ráðstöfun eigna hans í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, samþykktir sjóðsins og starfsreglur stjórnar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands staðfesta hér með ársreikning þennan með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. apríl 2015

Í stjórn Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands

Sigurgísli Ingimarsson

Gísli Vilhjálmsson

Heiðdís Halldórsdóttir

Margrét Helgadóttir

Sæmundur Pálsson

Framkvæmdastjóri

Ólafur Páll Gunnarsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og sjóðfélaga í Lífeyrissjóði Tannlæknafélags Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning sameignardeildar Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning 31. desember 2014, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir, skýringar og kennitölur.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

*Ábyrgð endurskoðenda*
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Álit*
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sameignardeildarinnar á árinu 2014, efnahag hennar 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða og lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 29. apríl 2015

Arnar Már Jóhannesson
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Iðgjöld** | | | |
| Iðgjöld sjóðfélaga | | 20.873.873 | 15.332.842 |
| Iðgjöld launagreiðenda | | 31.745.159 | 32.722.223 |
| Framlag ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði | | 1.075.180 | 1.024.577 |
| | | 53.694.212 | 49.079.642 |
| **Lífeyrir** | | | |
| Lífeyrir | 3 | 5.950.907 | 3.275.974 |
| Annar beinn kostnaður vegna örorkulífeyris | | 57.097 | 674.147 |
| Iðgjald til starfsendurhæfingarsjóðs | | 1.203.228 | 1.138.769 |
| Önnur gjöld/(tekjur) | 8 | 3.129.913 | (600.984) |
| | | 10.341.145 | 4.487.906 |
| **Fjárfestingartekjur** | 4 | | |
| Tekjur af eignarhlutum | | 4.721.273 | 15.826.149 |
| Vaxtatekjur og gengismunur | | 40.922.240 | 49.098.023 |
| Breyting á niðurfærslu | | 1.307.911 | 3.048.316 |
| | | 46.951.424 | 67.972.488 |
| **Fjárfestingargjöld** | | | |
| Skrifstofu og stjórnunarkostnaður | 6 | 514.540 | 445.506 |
| Önnur fjárfestingagjöld | 7 | 166.705 | 67.034 |
| | | 681.245 | 512.540 |
| **Rekstrarkostnaður** | | | |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 2.626.234 | 2.494.147 |
| | | 2.626.234 | 2.494.147 |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | | 86.997.012 | 109.557.537 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | | 726.547.876 | 616.990.339 |
| **Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris** | | 813.544.888 | 726.547.876 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

| Eignir | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Fjárfestingar** | 5 | | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | | 304.737.641 | 246.905.262 |
| Verðbréf með föstum tekjum | | 459.714.698 | 419.822.772 |
| Bankainnistæður | | 44.352.860 | 46.293.544 |
| | | 808.805.199 | 713.021.578 |
| **Kröfur** | | | |
| Kröfur á launagreiðendur | | 10.628.989 | 10.112.324 |
| | | 10.628.989 | 10.112.324 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Handbært fé | | 2.577.918 | 6.122.655 |
| | | 2.577.918 | 6.122.655 |
| **Eignir samtals** | | 822.012.106 | 729.256.557 |

## Skuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Viðskiptaskuldir** | | | |
| Aðrar skuldir | | 8.467.218 | 2.708.681 |
| **Skuldir samtals** | | 8.467.218 | 2.708.681 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | | 813.544.888 | 726.547.876 |
| **Aðrar upplýsingar** | 8-11 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2014

| | Skýr. | 2014 | 2013 |
|---|---|---|---|
| **Inngreiðslur** | | | |
| Iðgjöld | | 46.868.321 | 41.587.005 |
| Fjárfestingartekjur | | 20.901.351 | 19.166.553 |
| Afborganir verðbréfa | | 11.815.566 | 12.135.578 |
| Seld verðbréf með breytilegum tekjum | | 85.382.099 | 82.264.628 |
| Seld verðbréf með föstum tekjum | | 18.989.034 | 2.088.167 |
| Lækkun á bankainnstæðum | | 1.940.684 | 1.446.177 |
| Aðrar inngreiðslur | | 9.546.731 | 0 |
| | | 195.443.786 | 158.688.108 |
| **Útgreiðslur** | | | |
| Lífeyrir | | 6.715.353 | 3.275.052 |
| Fjárfestingargjöld | | 11.343 | 1.384 |
| Rekstrarkostnaður án afskrifta | | 4.400.896 | 2.438.595 |
| Aðrar útgreiðslur | | 0 | 8.546.388 |
| | | 11.127.592 | 14.261.419 |
| **Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu** | | 184.316.194 | 144.426.689 |
| **Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting** | | | |
| Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum | | 122.119.783 | 74.842.658 |
| Kaup á verðbréfum með föstum tekjum | | 65.741.148 | 78.268.179 |
| | | 187.860.931 | 153.110.837 |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | (3.544.737) | (8.684.148) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 6.122.655 | 14.806.803 |
| **Handbært fé í árslok** | | 2.577.918 | 6.122.655 |

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 1.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur Fjármálaeftirlitsins um ársreikninga lífeyrissjóða. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og á síðasta ári.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Fjárfestingar eru færðar niður vegna óvissu um innheimtu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða en myndaður er mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum er kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og gagnvart kröfunum í heild.

### 1.2 Iðgjöld

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda eru bókfærð þegar þau skapa réttindakröfu á sameignardeildina.

Áætlað er fyrir óframkomnum iðgjöldum í árslok.

### 1.3 Fjárfestingatekjur

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í íslenskar krónur á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir í árslok.

### 1.4 Fjárfestingar

Verðbréfum í eigu sjóðsins er skipt í verðbréf með breytilegum tekjum og verðbréf með föstum tekjum.

Verðbréf með breytilegum tekjum eru framseljanleg verðbréf svo sem hlutabréf og hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða. Þau verðbréf með breytilegum tekjum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Verðbréf í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð í íslenskar krónur á gengi í árslok 2014.

Verðbréf með föstum tekjum eru framseljanleg skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum. Hér er átt við bréf sem t.d. eru bundin við vísitölu eða gengi gjaldmiðla hvort sem vextir eru fastir eða hafa tiltekna vaxtaviðmiðun. Verðbréf með föstum tekjum eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.

Bankainnistæður á meðal fjárfestinga eru almennt bundnar til lengri tíma en 3ja mánaða. Hluti af bankainnistæðum eru innlán sem eru bundin í skemmri tíma, en sjóðurinn horfir á þessa bankainnistæðu sem fjárfestingu en ekki sem handbært fé.

# Skýringar

### 1.5 Kröfur á launagreiðendur

Kröfur eru færðar á nafnverði.

### 1.6 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum í erlendum gjaldmiðlum og íslenskum krónum.

## 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

### 2.1 Fjárhagslegir áhættuþættir

Starfsemi sjóðsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. áhrif breytinga á gengi hlutabréfa, breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun sjóðsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

Eignastýring er í höndum Landsbankans, samkvæmt samningi um rekstur sjóðsins. Landsbankinn annast fjárvörslu með virkri eignastýringu innan ramma fjárfestingastefnu sjóðsins hverju sinni.

### 2.2 Gengisáhætta

Sjóðurinn starfar í alþjóðlegu umhverfi og hefur fjárfest í erlendum verðbréfasjóðum þar sem hrein eign þeirra er bundin áhættu. Samkvæmt lögum um gjaldeyrismál nr. 87/1992 (gjaldeyrishöft) er lífeyrissjóðnum óheimilt að verja erlenda gjaldeyrisáhættu sína með notkun afleiða. Fjárfestingar sjóðsins í verðbréfum í erlendum gjaldmiðlum námu í árslok 2014 38,2 milljónir og ber sjóðurinn því gjaldeyrisáhættu sem þeirri upphæð nemur. Ef íslenska krónan styrkist um 10% gagnvart erlendum gjaldmiðlum munu eignir sjóðsins, að öðru óbreyttu, lækka um 3,8 milljónir króna.

### 2.3 Áhættustýring

Sjóðurinn fer eftir áhættustýringarstefnu. Í stefnunni eru settar fram verklagsreglur um það hvernig mæla skuli helstu áhættuþætti sem snerta rekstur sjóðsins; markaðsáhættu, mótaðilaáhættu, rekstraráhættu, seljanleikaáhættu og lífeyristryggingaráhættu fyrir sameignardeild. Áhættustýringarstefnan gerir ráð fyrir því að fylgjast sé með breytingum á áhættu sjóðsins með reglubundnum hætti.

# Skýringar

## 3. Lífeyrir

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Greiddur lífeyrir greinist þannig:** | | |
| Makalífeyrir | 405.238 | 83.625 |
| Örorkulífeyrir | 1.879.486 | 1.904.548 |
| Eftirlaun | 3.666.183 | 1.287.801 |
| | 5.950.907 | 3.275.974 |

## 4. Fjárfestingatekjur

**Tekjur af eignarhlutum sundurliðast þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Arður | 966.034 | 320.713 |
| Gangvirðisbreyting af verðbréfum | 3.755.239 | 15.505.436 |
| | 4.721.273 | 15.826.149 |

**Vaxtatekjur og gengismunur greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur af bankainnistæðum | 490.624 | 295.271 |
| Gengishagnaður (tap) | 19.317 | (55.416) |
| Vaxtatekjur og gengismunur verðbréfa | 39.505.313 | 48.190.186 |
| Dráttarvextir | 906.986 | 667.982 |
| | 40.922.240 | 49.098.023 |

**Breyting á niðurfærslu greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla 1.1 | (1.560.050) | (4.608.366) |
| Breyting á niðurfærslu | 1.307.911 | 3.048.316 |
| Niðurfærsla 31.12 | (252.139) | (1.560.050) |

**Breyting á niðurfærslu verðbréfaeignar greinist þannig:**

| | | |
|---|---|---|
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 1.184.374 | 446.708 |
| Landsbanki Aquila Real Estate Fund I | 123.537 | 2.601.608 |
| | 1.307.911 | 3.048.316 |

Vegna lækkunar á niðurfærslu verðbréfaeignar þarf að hafa í huga að viðeigandi sjóðir hafa verið teknir niður í gegnum gangvirðisbreytingu verðbréfa.

# Skýringar

## 5. Fjárfestingar

| Hlutabréf: | 2014 | 2013 |
| --- | --- | --- |
| Icelandair Group hf. | 14.159.845 | 10.242.323 |
| Hagar hf | 11.669.623 | 3.109.901 |
| Reitir fasteignafélag hf. | 8.948.820 | 0 |
| HB Grandi hf. | 8.575.702 | 0 |
| Marel Food Systems hf | 7.330.146 | 6.505.562 |
| Eimskipafélag Íslands hf. | 4.088.961 | 5.105.070 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 3.163.837 | 7.416.466 |
| Reginn hf | 2.450.301 | 6.827.212 |
| N1 hf. | 1.461.600 | 456.624 |
| Össur hf. | 1.363.858 | 1.254.462 |
| Vátryggingarfélag Íslands | 443.731 | 915.995 |
| Önnur hlutabréf | 143.541 | 0 |
| | 63.799.965 | 41.833.615 |

**Hlutdeildarskírteini í innlendum verðbréfasjóðum:**

| | | |
| --- | --- | --- |
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Úrvalsbréf | 44.043.148 | 29.419.823 |
| Landsbréf - Öndvegisbréf | 26.113.902 | 25.611.683 |
| Landsbréf - LEQ | 1.088.844 | 828.938 |
| | 71.245.894 | 55.860.444 |
| Skuldabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Markaðsbréf | 28.460.163 | 28.838.266 |
| Landsbréf - Sparibréf meðallöng | 25.330.302 | 3.738.740 |
| Landsbréf - Sparibréf óverðtryggð | 7.844.933 | 0 |
| Gamma: Iceland Government Bond Fund | 7.526.704 | 8.577.447 |
| Landsbréf - Sparibréf verðtryggð | 7.428.282 | 26.801.776 |
| Landsbréf - Sparibréf löng | 3.854.464 | 3.708.801 |
| Landsbréf - Sparibréf stutt | 2.265.148 | 2.265.350 |
| Aðrir skuldabréfasjóðir | 201.085 | 961.805 |
| Landsbréf - LREAL | 0 | 6.986.436 |
| | 82.911.081 | 81.878.621 |
| Önnur innlend hlutdeildarskírteini: | | |
| Horn II slhf. | 5.538.031 | 648.536 |
| Gamma Iceland Fixed Income Fund | 5.423.460 | 5.004.451 |
| Gamma Novus | 4.592.000 | 4.000.000 |
| Stefnir Íslenski athafnasjóðurinn | 4.140.180 | 0 |
| Stefnir ÍS-5 | 3.626.355 | 10.950.366 |
| Gamma Opus | 3.060.000 | 0 |
| Alda Equity Opportunity Fund | 2.838.433 | 0 |
| Landsbréf - Hekla | 2.289.154 | 0 |
| Veðskuldabréfasjóður ÍV | 516.500 | 0 |
| | 32.024.113 | 20.603.353 |

# Skýringar

**Hlutdeildarskírteini í erlendum verðbréfasjóðum:**

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Hlutabréfasjóðir: | | |
| Landsbréf - Global Equity Fund | 16.560.928 | 14.829.424 |
| T.Rowe Price - Global Equities Class | 12.333.628 | 10.452.141 |
| Carnegie - Worldwide Fund | 11.920.356 | 9.824.548 |
| Jupiter - European Growth | 5.628.543 | 0 |
| Black Rock - Global Opportunities Fund | 3.145.696 | 3.290.536 |
| Aðrir hlutabréfasjóðir | 140.823 | 128.485 |
| | 49.729.974 | 38.525.134 |
| Önnur erlend hlutdeildarskírteini: | | |
| LPE II | 4.663.781 | 6.136.919 |
| Landsbanki Mezzanine Fund II | 362.833 | 2.067.176 |
| | 5.026.614 | 8.204.095 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum samtals | 304.737.641 | 246.905.262 |
| **Innlend skuldabréf:** | | |
| Íbúðabréf | 211.374.193 | 215.393.564 |
| Ríkisbréf | 89.938.276 | 61.097.090 |
| Húsbréf | 6.611.838 | 6.711.822 |
| Fyrirtæki | 72.784.829 | 56.129.206 |
| Sveitarfélög | 45.196.317 | 46.943.948 |
| Lánastofnanir | 33.809.245 | 33.547.142 |
| | 459.714.698 | 419.822.772 |
| Verðbréf með breytilegum tekjum samtals | 459.714.698 | 419.822.772 |
| **Bankainnistæður:** | | |
| Bundnar innistæður | 44.352.860 | 46.293.544 |
| **Heildar fjárfestingar** | **808.805.199** | **713.021.578** |

Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði sem er virkur og verðmyndandi eru metin á markaðsverði í árslok 2014. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati lífeyrissjóðsins að teknu tillti til markaðsaðstæðna.

Markaðsverð skuldabréfa nemur 482,5 mkr. í lok desember 2014. Virði skuldabréfa sameignardeildar er reiknað miðað við upphaflega kaupávöxtunarkröfu þeirra. Ef skuldabréf deildarinnar væru metin á markaðsvirði eins og hjá séreignardeild, þá myndi hrein eign sameignardeildar hækka um 2 milljónir eða 0,3%.

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| **Fjárfestingar greinast þannig eftir erlendum gjaldmiðlum:** | | |
| Fjárfestingar í ISK | 770.609.536 | 666.420.835 |
| Fjárfestingar í USD | 27.399.680 | 23.567.225 |
| Fjárfestingar í EUR | 10.433.150 | 20.966.343 |
| Fjárfestingar í GBP | 362.833 | 2.067.176 |
| | 808.805.199 | 713.021.579 |

# Skýringar

## 6. Skrifstofukostnaður

Gjaldfærður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður skiptist á milli séreignar- og sameignardeildar í hlutföllum deildanna í sameiginlegri hreinni eign.

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sameiginlegur kostnaður | 1.134.683 | 1.041.995 |
| Tryggingafræðileg úttekt 100% | 916.572 | 940.136 |
| Endurskoðun | 317.709 | 289.263 |
| Umsýslu- og stjórnunarkostnaður | 771.810 | 668.259 |
| | 3.140.774 | 2.939.653 |

Í sameiginlegum kostnaði er hlutfall sameignardeildar af stjórnarlaunum og launum endurskoðunarnefndar:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sigurgísli Ingimarsson, stjórnarformaður | 270.069 | 241.959 |
| Gísli Vilhjálmsson, varaformaður | 67.607 | 70.369 |
| Sæmundur Pálsson | 54.014 | 48.393 |
| Heiðdís Halldórsdóttir, ritari | 54.014 | 48.393 |
| Margrét Helgadóttir | 54.014 | 24.197 |
| Hallur Halldórsson | 0 | 24.197 |
| Jón Gunnsteinn Hjálmarsson, formaður endurskoðunarnefndar | 25.627 | 23.230 |
| Þórólfur Ólafsson | 0 | 32.964 |
| | 525.344 | 513.700 |

Þóknun til ytri endurskoðanda sjóðsins nam 318 þús. króna. Innri úttekt á sjóðnum var framkvæmd af Innri endurskoðun Landsbankans, en þóknun til innri endurskoðunar er hluti af umsýslukostnaði sem er greidd til Landsbankans samkvæmt samningi.

## 7. Önnur fjárfestingargjöld

Önnur fjárfestingagjöld sundurliðast þannig:

| | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Sölulaun og afgreiðslugjöld | 155.362 | 65.650 |
| Bankakostnaður | 11.343 | 1.384 |
| | 166.705 | 67.034 |

## 8. Örorkubótasamkomulag

Sjóðurinn er aðili að samkomulagi ásamt nokkrum öðrum lífeyrissjóðum um skiptingu örorkuáhættu lífeyrissjóða. Skuld sjóðsins vegna þessa er kr. 2.669.071.

## 9. Aðrar skuldbindingar

Sjóðurinn hefur skuldbundið sig á næstu árum til að leggja 6,1 m.kr. í Horn II, SIA II og VIV 14 1.

# Skýringar

## 10. Tryggingafræðileg úttekt

Í apríl 2015 var framkvæmd tryggingafræðileg athugun sem miðaðist við árslok 2014. Helstu niðurstöður úttektarinnar, miðað við að 3,5% ávöxtun náist á eignir sjóðsins umfram hækkun vísitölu neysluverðs næstu áratugina, voru þær að eignir sjóðsins næmu 21 mkr. umfram skuldbindingar sjóðsins og verðmæti framtíðariðgjalda miðað við árslok 2014.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

| | Afallin skuldbinding | Framtíðar- skuldbinding | Heildar- skuldbinding |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris ............................................... | 813,5 | | 813,5 |
| Núvirðing ............................................................................. | 11,6 | | 11,6 |
| Fjárfestingakostnaður ......................................................... | (8,6) | | (8,6) |
| Núvirði framtíðariðgjalda ..................................................... | | 662,2 | 662,2 |
| Eignir samtals ..................................................................... | 816,5 | 662,2 | 1.478,7 |
| **Skuldbindingar** | | | |
| Ellilífeyrir ............................................................................. | 561,0 | 442,5 | 1.003,5 |
| Örorkulífeyrir ........................................................................ | 127,4 | 160,8 | 288,2 |
| Makalífeyrir .......................................................................... | 53,1 | 45,6 | 98,7 |
| Barnalífeyrir ......................................................................... | 0,0 | 6,0 | 6,0 |
| Rekstrarkostnaður ................................................................ | 22,1 | 39,2 | 61,3 |
| Skuldbindingar samtals ........................................................ | 763,6 | 694,1 | 1.457,7 |
| **Eignir umfram skuldbindingar** | 52,9 | (31,9) | 21,0 |
| **Eignir í hlutfalli af skuldbindingum** | 6,9% | -4,6% | 1,4% |

# Skýringar

## 11. Fimm ára yfirlit

| | 2014 | 2013 | 2012 | 2011 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| Hrein raunávöxtun | 4,75% | 6,15% | 3,95% | 2,24% | 3,24% |
| Meðaltal hreinnar raunávöxtunar | | | | | |
| síðustu 5 ár | 4,06% | 4,08% | -3,37% | -4,20% | -3,17% |
| Fjarhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt | | | | | |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | 1,4% | 2,5% | 0,04% | 2,72% | 2,40% |
| Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar | 6,9% | 7,0% | 3,26% | 2,76% | 0,70% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga: | | | | | |
| Skráð verðbréf með breytilegum tekjum | 32,53% | 29,09% | 26,79% | 24,08% | 19,78% |
| Skráð verðbréf með föstum tekjum | 56,22% | 57,33% | 55,46% | 59,02% | 60,96% |
| Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum | 5,03% | 5,86% | 8,91% | 3,92% | 4,95% |
| Óskráð verðbréf með föstum tekjum | 0,44% | 1,23% | 1,00% | 0,00% | 0,00% |
| Bankainnistæður, bundnar | 5,78% | 6,49% | 7,84% | 12,98% | 14,31% |
| Hlutfallsleg skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum: | | | | | |
| Eignir í íslenskum krónum | 95,29% | 93,46% | 92,97% | 92,52% | 93,61% |
| Eignir í erlendum gjaldmiðlum | 4,71% | 6,54% | 7,03% | 7,48% | 6,39% |
| Samtals | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 331 | 290 | 283 | 271 | 222 |
| Fjöldi virkra sjóðfélaga - meðaltal | 159 | 154 | 155 | 145 | 140 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 16 | 10 | 9 | 4 | 3 |
| Fjöldi lífeyrisþega - meðaltal | 14 | 9 | 6 | 3 | 3 |
| Hlutfallsleg skipting lífeyris: | | | | | |
| Eftirlaun | 61,61% | 39,31% | 46,30% | 0,00% | 0,00% |
| Makalífeyrir | 6,81% | 2,55% | 0,09% | 0,00% | 0,00% |
| Örorkulífeyrir | 31,58% | 58,14% | 53,61% | 100,00% | 100,00% |